

# Skýrsla um “Grænt bókhald” hjá Stjörnugrís hf.

MELAR 2021



## Efnisyfirlit

bls.

1. Yfirlýsing stjórnar .....	2
Þróun umhverfismála	
Undirritun stjórnar félagsins	
2. Staðfesting endurskoðanda .....	4
Staðfesting og áritun PWC	
3. Almennar upplýsingar .....	5
Starfsleyfishafi, gildistími og eftirlit	
Stjórn félagsins	
4. Umhverfisstefna Stjörnugríss hf. ....	6
5. Lykiltölur um umhverfismál .....	7
Hráefnis og auðlindanotkun	
Framleiðsluferill starfseminnar	
Hráefni, auðlindir, orka og úrgangur	

# **Skýrsla um “Grænt bókhald” hjá Stjörnugrís hf.**

## **1. Yfirlýsing stjórnar:**

### **Þróun umhverfismála 2021**

Framleiðsla á Melum dróst saman á milli ára annað árið í röð. Öll aðföng hækkuðu í verði sem og laun og framleiðslukostnaður.

Fóðurnotkun minnkaði að sama skapi með minnkandi framleiðslu. Önnur hráefnisnotkun s.s. orka, og vatnsnotkun minnkaði einnig á milli ára. Losun seyru (saur og hland) dróst saman. Nokkur eftirspurn var eftir seyru til áburðar hjá nágrönum og var orðið við þeirra óskum um áburðardreifingu þ.e. Belgsholt og Geldingaá. Sáð var byggi í 40 hektara á Melum og var uppskera þokkaleg. Öll jarðrækt og uppskera er núna í höndum félagsins. Gróðursettar voru sömuleiðis um 2.000 aspir á árinu aðallega sem skjólbelti.

Engar grundvallar breytingar hafa verið á rekstri á Melum síðastliðna tvo áratugi þ.e. starfsemin er miðuð við uppeldi á grísum frá 7-100 kg. Allur tækjabúnaður sem notaður er við fóðrun dýranna er vel viðhaldið og engar stórvægar bilanir eða óhöpp komið upp á. Góð staðbundin þekking á gangvirkni búnaðar er til staðar.

Ekki er vitað um nein tilfelli um mengunaróhöpp né annað er hafði áhrif á rekstur eða umhverfi.

Verulegar breytingar eða uppfærslur á tæknibúnaði hafa ekki verið framkvæmdar frá því að Stjörnugrís hf. hóf starfsemi sína á Melum þó svo að alltaf sé verið að leita leiða við að nýta orkugjafa sem best og finna sparnaðarleiðir. Samningar um lagningu hitaveitu náðust á árinu og var hafist handa við framkvæmdir í lok ársins. Orkuskipti frá olíu yfir í heitt vatn varð að veruleika í byrjun árs 2022.

Búið notar kalt vatn frá eigin vatnsbóli í landi Fiskilækjar í Melasveit. Vatnsleiðslan er um 5 km. löng frá brunninum. Ekki er vitað nákvæmlega um heildarnotkun á köldu vatni sem nýtt er hverju sinni og er það því áætlað miðað við framleiðslu, þvott og neyslu starfsmanna.

Hræ svína sem drepast og þeirra sem þarf að aflífa á eldistímanum eru keyrð í gámum á viðurkennda urðunarstöð Sorpu í Álfsnesi í Reykjavík. Losun seyra á sér stað á vorin og haustin samkvæmt starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands og fer losun fram á landssvæði í eigu félagsins sem og nágranna sem þess óska eins og áður sagði.



Stjórn fyrirtækisins staðfestir hér með upplýsingar sem fram koma í skýrslu bessari.

Saltvík 22.8.2022

Fh.

Stjórnar Stjörnugríss hf;

---

Geir G Geirsson  
Kt: 240271-4199

---

Hjördís Gissurardóttir  
Kt: 171250-2269

---

Geir G Geirsson  
Kt: 070845-2619

## **2. Staðfesting endurskoðanda.**

### **Staðfesting og áritun skýrslunnar.**

## **Áritun endurskoðanda.**

Við höfum endurskoðað tölulegar upplýsingar í skýrslu um grænt bókhald fyrir Stjörnugríss hf. fyrir árið 2021 sbr. 10 gr. reglugerðar nr. 851/2002.

Endurskoðunin felur í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna tölulegar upplýsingarnar sem koma fram í græna bókhaldinu. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að tölulegar upplýsingar í grænu bókhaldi Stjörnugríss hf. fyrir árið 2021 séu í samræmi við upplýsingar í fjárhagsbókhaldi þess.

Reykjavík 22.08.2021

**PricewaterhouseCoopers ehf.**

---

Tryggvi Jónsson  
löggiltur endurskoðandi

### **3. Almennar upplýsingar.**

#### **Starfsleyfishafi, gildistími og eftirlit.**

Starfsleyfishafi er Stjörnugrís hf. Melum, Hvalfjarðarsveit, 301 Akranesi kt. 600667- 0179.

Útgefandi starfsleyfis fyrir Stjörnugrís hf. er Heilbrigðiseftirlit Vesturlands en Umhverfisstofnun hefur tekið yfir sem eftirlitsaðili á haustmánuðum 2018

Númer fyrirtækjaflokks samkvæmt fylgiskjali með reglugerðinni er: **6.6. liður b.**

#### **Í stjórn Stjörnugrís hf. sitja eftirfarandi aðilar:**

Geir Gunnar Geirsson Vallá, 116 Reykjavík kt. 070845 - 2619

Hjördís Gissurardóttir Vallá, 116 Reykjavík kt. 171250 - 2269

Geir Gunnar Geirsson Þrastarhöfða 37, 270 Mosfellsbær kt. 240271 - 4199

Starfsemi fyrirtækisins er svínarækt og er svínabú fyrirtækisins að Melum með starfsleyfi fyrir 8.000 stæði fyrir alisvín frá 30 – 100 kg þ.e framleiðslu u.p.b. 35.000 slátursvín á ári. Með því að auka þekkingu og skilning starfsmanna, og með stöðugum umbótum í umhverfismálum, stefnir Stjörnugrís hf. að því að lágmarka áhrif starfseminnar á umhverfið, hámarksnýta hráefni (fóður, orku og vatn bæði heitt og kalt) og minnka úrgang eftir því sem frekast er unnt.

Þessir þættir starfseminnar verða þungamiðja upplýsingaöflunar okkar fyrir "Grænt bókhald" fyrirtækisins í framtíðinni. Það er stefna Stjörnugrís hf. að allir þættir í starfsemi fyrirtækisins séu í fullri sátt við umhverfi sitt. Fyrirtækið umgengst auðlindir og umhverfi af ábyrgð og samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem gilda. Við stefnum að hámarksnýtingu hráefna og orkugjafa. Við losun úrgangs er þess fyllilega gætt að hann valdi ekki skaða í náttúru eða umhverfi. Starfsmenn fyrirtækisins eru meðvitaðir um umhverfisstefnu þess og framfylgja henni í samráði við stjórnendur og eigendur fyrirtækisins.

Stjörnugrís hf. vill vera umhverfisvænt fyrirtæki. Með því tekur það þátt í þeiri ábyrgð að skila heilbrigðu umhverfi til næstu kynslóða. Tilgangur með umhverfistefnu og "Grænu bókhaldi" okkar er fjórþættur:

- Lágmarka losun á óæskilegum úrgangi frá starfseminni út í umhverfið.
- Auka nýtingu vatns og orku t.d. með innlendum orkugjöfum.
- Bæta hráefnisnýtingu eftir því sem kostur er (t.d. fóður og vítamín)
- Að vera snyrtilegur starfsvettvangur sem sé umhverfinu, eigendum og starfsmönnum okkar til sóma.



## **4. Almennt um umhverfisstefnu Stjörnugrís hf.**

Við hjá Stjörnugrís hf. munum kappkosta að fylgjast með breytingum á lögum og reglugerðum varðandi umhverfismál. Við munum fræða, þjálfa og hvetja alla starfsmenn okkar til að vinna verk sín á umhverfisvænan hátt ásamt því að vakta og stýra mikilvægum umhverfispáttum til að lágmarka óæskileg umhverfisáhrif af völdum starfseminnar.

Við ætlum okkur að framkvæma þetta m.a. með því að:

- Vinna stöðugt að bættri nýtingu orku og hráefna
- Lágmarka loftmengun og rykmengun eins og kostur er.
- Lágmarka magn líkamsleifa sem fara til urðunar.
- Lágmarka hættu á jarðvegsmengun af völdum úrgangs s.s. saur, hland og líkamsleifa.


Jafnframt þessu munum við taka fullt tillit til umhverfisáhrifa þegar eftirfarandi þættir starfseminnar fara fram:

- Val á nýjum framleiðsluferlum.
- Vörupróun og markaðssetningu afurða okkar til neyslu í nærumhverfi.
- Minnkun á plastnotkun, úrgangi og sorpi við öll innkaup og starfsemi.
- Innkaup á hráefnum til framleiðslunnar og nýtingu á innlendu hráefni.
- Sölu afurða til viðskiptavina.
- Framkvæmdir við viðhald og nýbyggingar á staðnum
- Færa grænt bókhald og birta í ársskýrslu fyrirtækisins.
- Endurskoða umhverfisstefnuna reglulega með úrbætur í umhverfismálum að leiðarljósi.
- Lágmarka kolefnisfótspor félagsins með gróðursetningu trjáa og endurheimt votlendis þar sem völ er á.



## 5. Lykiltölur um umhverfismál – Hráefnis- og auðlindanotkun.

Framleiðsluferill starfseminnar er þessi:



**Brimnes:**

Framleiðsla unggyltna.

**Bjarnastaðir:**

Framleiðsla smágrísa.

**Vallá:**

Framleiðsla smágrísa.

**Sléttaból:**

Framleiðsla smágrísa.

**Brautarholt**

Grísaeldi 7 – 100 kg.

**Melar í Melasveit:**

Grísaeldi 7 – 100 kg.

**Saltvik:**

Slátruhús

**Hráefni, auðlindir, orka og úrgangur:**


Eftirfarandi upplýsingar eru m.a. fengnar úr bókhaldi félagsins fyrir 2021 í samanburði við sambærilegar upplýsingar fyrir árin á undan.

Hér koma upplýsingar um meginnotkun fyrirtækisins á hráefnum, orku, jarðhitavatni og köldu vatni á bókhaldstímabilinu sbr. 7 gr. reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Þá er enn fremur hér að finna tölulegar upplýsingar um urðun líkamsleifa og losun úrgangsefna (seyra).

<b>Framleiðsla</b>	<b>Tonn</b>	<b>2.510</b>
<b>Rafmagn</b>	<b>kWh</b>	<b>1.213.328</b>
<b>Fóðurnotkun</b>	<b>Tonn</b>	<b>7.710</b>
<b>Olíunotkun</b>	<b>Lítrar</b>	<b>111.856</b>
<b>Kalt vatn</b>	<b>Tonn</b>	<b>21.157</b>
<b>Seyra</b>	<b>m3</b>	<b>18.589</b>
<b>Líkamsleifar</b>	<b>Tonn</b>	<b>46</b>

# Undirritunarsíða

Geir Gunnar Geirsson




Undirritað af:  
Geir Gunnar Geirsson  
2402714199  
Dags: 22.08.2022  
Tími: 12:56:26  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: b09f35dc-  
fb68-40bd-988f-  
e95fa39f0a61

Geir Gunnar Geirsson




Undirritað af:  
Geir Gunnar Geirsson  
0708452619  
Dags: 22.08.2022  
Tími: 16:58:20  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: b09f35dc-  
fb68-40bd-988f-  
e95fa39f0a61

Hjörðís Gissurardóttir



Undirritað af:  
Hjörðís Gissurardóttir  
1712502269  
Dags: 22.08.2022  
Tími: 19:54:55  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: b09f35dc-  
fb68-40bd-988f-  
e95fa39f0a61

löggiltur endurskoðandi  
Tryggvi Jónsson



Undirritað af:  
Tryggvi Jónsson  
1407552739  
Dags: 22.08.2022  
Tími: 17:33:24  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: b09f35dc-  
fb68-40bd-988f-  
e95fa39f0a61